

Nd.

88. Frumvarp til laga

[79. mál]

um breyting á lögum um Iðnlánasjóð, nr. 68 10. okt. 1967.

Flm.: Jóhann Hafstein, Lárus Jónsson.

1. gr.

2. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:  
Framlag ríkissjóðs, 25 milljónir króna á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Greinargerð.

Gagngerð endurskoðun var gerð á lögum um Iðnlánasjóð með lögum nr. 45 3. apríl 1963, en framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs var þá 2 millj. kr. á ári. Hélt svo fram til ársins 1967, að árlegt framlag ríkissjóðs var þá ákveðið í lögum 10 millj. kr. Í fjárlögum þessa árs er framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs ákveðið 15 millj. kr. og í fjárlagafrv. 1972 sama upphæð.

Þegar ákveðið var að hækka framlagið á fjárlögum þessa árs í 15 milljónir, voru mið höfð af hlutfalli ríkisframlags til sjóðsins og Dagsbrúnarkaupi. Var þá náð svipuðu hlutfalli og þegar ríkisframlagið hækkaði úr 2 millj. kr. í 10 millj. kr. árið 1967. Með hliðsjón af þessu er nú lagt til í þessu frumvarpi, að árlegt framlag hækki á næsta ári úr 15 millj. kr. í 25 millj. kr. Eðlilegt er að ákveða ríkissjóðsframlagið í lögnum um Iðnlánasjóð, eins og verið hefur áður.

Á fylgiskjali er að finna upplýsingar um árlegt framlag ríkissjóðs frá 1962, iðnlánasjóðsgjald og um útlán hvers árs.

Fylgiskjal.

IÐNLÁNASJÓÐUR

Yfirlit yfir framlag ríkissjóðs, iðnlánasjóðsgjald og útlán 1962—1971 (í millj. kr.).

	Framlag ríkissjóðs	Iðnlána- sjóðsgjald	Ný útlán hvers árs
1962 .....	2.0	0	13.9
1963 .....	2.0	4.2	38.8
1964 .....	2.0	12.9	50.6
1965 .....	2.0	15.9	58.4
1966 .....	2.0	21.0	65.9
1967 .....	10.0	19.0	81.3
1968 .....	10.0	20.0	58.3
1969 .....	10.0	37.7	105.0
1970 .....	10.0	31.0	169.4
1971 (áætlað) .....	15.0	37.3	140.0

Árið 1970 var fengið 50 millj. kr. lán hjá Iðnþróunarsjóði og á þessu ári 20 millj. kr. lán. Hefur því útlánagetan verið mun meiri þessi tvö ár en annars hefði orðið.